

27

20. apríl

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt til Siglufjarðarkaupstaðar.**

1. gr.

Fasteignaskatt skal greiða í bæjarsjóð af öllum fasteignum á löggiltri verzlunarlóð Siglufjarðar eftir þeim reglum, er hér fara á eftir.

2. gr.

- a) Af venjulegum íbúðarhúsum með lóðum, túnnum og görðum 0,4%.
- b) Af húsum, sem notuð eru bæði fyrir íbúð og verzlun 0,7%.
- c) Af sildarsöltunarstöðvum, öðrum húsum en þeim, sem um getur í a- og b-lið og öðrum mannvirkjum 1%.
- d) Af öðrum lóðum 2%.

3. gr.

Undanþegnar fasteignaskatti eru þær fasteignir, sem um ræðir í 4. gr. laga nr. 69 31. desember 1937.

4. gr.

Skatt þenna skal reikna af heilum hundruðum fasteignamatverðs, en brotum úr hundruðum skal sleppt.

5. gr.

Skattur þessi fellur í gjalddaga 1. júlí ár hvert, og falla dráttarvextir á samkv. lögum nr. 69 1937.

Skatt þenna má taka lögtaki.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69 31. desember 1937 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. apríl 1938.

Skúli Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

- 28 Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Sængurkonusjóð Þórunnar Á. 25. apríl Björnsdóttur, ljósmóður“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 25. apríl 1938.
- Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sængurkonusjóð Þórunnar Á. Björnsdóttur, ljósmóður.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Þórunni Á. Björnsdóttur, ljósmóður, Bókhöðustíg 11, Reykjavík, í tilefni af 50 ára ljósmóðurafmæli hennar 12. des. 1932, samkvæmt gjafabréfi dags. 24. júlí 1934.